

Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
02 NOV. 2007
<i>59.52</i>
Tilv. UST20071000172

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Sigurðardóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST
Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 31. október 2007
Tilvisun: UST20071000172/bs

Go-Kartbraut í Reykjanesbæ. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða gerð 1,2 km langrar akstursbrautar á um 7 ha svæði við Reykjanesbraut nokkru sunnan vegamóta Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á nokkuð sléttu grágrýtishrauni. Svæðið er að hluta gróið mosa og lyngi með moldarflögum á milli.

Akstursbrautin mun liggja lágt í landi þannig að sjónræn áhrif verða í lágmarki. Einnig ber að líta til þess að ráðgert er að reisa hærri byggingar í næsta nágrenni brautarinnar. Ekki er talið að áhrif á loftgæði verði umfram viðmiðunarmörk.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að talið er að hljóðstyrkur við húsveggi aðliggjandi aðliggjandi þjónustustarfsemi verði um 60 dB þar sem hann er mestur. Þó það sé ekki tekið fram í tilkynninguni þá telur Umhverfisstofnun að hér sé átt við áætlaðan hámarks hljóðstyrk meðan á hverri keppnislotu stendur. Sé það rétt verður hljóðstyrkur innan viðmiðunarmarka. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í fór með sér. Stofnunin telur upplýsingar í tilkynningarskýrslu í rýrasta lagi.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
 Björn Stefánsson

Helgi Jónasson
 Helgi Jónasson
 Forstöðumaður